

Spil 1

Kit Woolsey, Partnership Defence.

NORÐUR

♠ Á76

♥ 10863

♦ D1052

♣ ÁK

VESTUR

♠ DG1083

♥ Á7

♦ Á93

♣ G84

AUSTUR

♠ K952

♥ 54

♦ K7

♣ 109652

SUÐUR

♠ 4

♥ KDG92

♦ G864

♣ D73

Norður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	1 ♦	Pass	1 ♥
1 ♠	2 ♥	2 ♠	3 ♥
Pass	4 ♥	Pass	Pass
Pass			

KALL / FRÁVÍSUN

Vestur spilar út ♠D, sem sagnhafi tekur og spilar trompi á kóng og ás. Nú þarf Vestur að spila undan ♦Á og gefa Austri síðan tígulstungu. En hvernig á að finna þá vörn?

Woolsey: Austur ætti að VÍSA SPAÐANUM FRÁ í fyrsta slag, enda sér hann að vörnin á engan slag á litinn og eina vonin er sú að makker eigi tígulás og trompslag. Ertu sammála?

GPA: Meginhugsun Woolsey er sú að *frávísun í einum lit sé óbeint kall í öðrum* (augljóslega tígli í þessu spili). Sem þýðir þá að Austur ætti að kalla í spaða (hvað sem hann á í spaða) ef hann vill ekki tígul. Ertu sammála þessu?

Spil 2

Kit Woolsey, Partnership Defence.

NORÐUR

♠ G82

♥ K65

♦ Á74

♣ KD109

VESTUR

♠ K4

♥ DG1087

♦ K63

♣ 842

AUSTUR

♠ 73

♥ 943

♦ G10852

♣ ÁG3

SUÐUR

♠ ÁD10965

♥ Á2

♦ D9

♣ 765

Norður gefur. Allir á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	1 ♣	Pass	1 ♠
Pass	1 G	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

KALL / FRÁVÍSUN

Sagnhafi tekur fyrsta slaginn á ♥K og spilar ♠G og svínar. Nú má Vestur undir engum kringumstæðum skipta yfir í tígul, sem þó er freistandi.

Woolsey: Austur ætti að KALLA í HJARTA í fyrsta slag til að fyrirbyggja að makker spili tígli. Ertu sammála?

GPA: Ég er sammála Woolsley að K/F gildir í ♥K, því TÍAN er mikilvægt spil. En það er ekki hættulaust að kalla, því sagnhafi gæti átt Á10x heima. Persónulega myndi ég vísa frá með níunni og fylgja lit í trompið með ♠3 (lægsta spilinu) í viðleitni til að benda á lafið.

Spilinu er ekki lokið þótt Vestur spili hjarta í þriðja slag ...

Spil 3

Kit Woolsey, Partnership Defence. (breytt)

NORÐUR

♠ G95

♥ Á9654

♦ 8

♣ KD107

VESTUR

♠ KD86

♥ --

♦ G1096432

♣ 85

AUSTUR

♠ 1032

♥ 107

♦ ÁD75

♣ G943

SUÐUR

♠ Á74

♥ KDG832

♦ K

♣ Á62

Suður gefur. Allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥
3 ♦	4 ♥	5 ♦	Pass
Pass	5 ♥	Pass	Pass
Pass			

AÐ SPILA TIL BAKA

Vörnin fær þrjá slagi í fyllingu tímans, svo framarlega sem Vestur getur stillt sig um að spila spaða. Góð byrjun er að koma út með ♦G.

Woolsey: Austur fær fyrsta slaginn á ♦Á og hlýtur að skipta yfir í spaða. En hann ætti að velja TÍUNA (*attitide*, frekar en þriðja hæsta) til að tryggja að makker freistist ekki til að spila litnum áfram. Vestur fær á ♠D og hreinlega neyðist til að spila laufi.

P.S. Þegar spilað í gegnum sagnhafa í miðju spili er það alltaf matsatriði hvort maður sýnir styrk litarins (*attitude*) eða segir frá lengd (þriðja/fimmta).

Spil 4

Kokish - æfingadæmi.

NORÐUR

♠ K

♥ G107

♦ 1085

♣ ÁKD1093

VESTUR

♠ ÁD4

♥ K4

♦ G972

♣ 7652

AUSTUR

♠ 7632

♥ Á9652

♦ D43

♣ 8

SUÐUR

♠ G10985

♥ D83

♦ ÁK6

♣ G4

Norður gefur. Allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♣	Pass	1 ♠
Pass	2 ♣	Pass	2 G
Pass	3 G	Pass	Pass
Pass			

HLIÐARKALL

Vestur spilar út ♦2 (áttan úr borði), Suður drepur drottningu Austurs með ás og spilar spaða á kónginn í öðrum slag, sem Vestur drepur. Nú þarf Vestur að spila hjarta *undan* ♥Kx og Austur að nota innkomuna til að spila tígli.

Kokish spyr: Hvað þýðir spaðafylgja Austurs í öðrum slag?

GPA: Þetta er hrein hliðarkallsstaða í mínum huga:
Austur lætur ♠7 sem er kall í hjarta.

P.S. Talning kemur augljóslega ekki til greina, en þeir sem nota Smith (oddball) lenda í vanda hér, því Austur vildi gjarnan geta sýnt ♦K ef hann ætti hann til.

Spil 5

Kit Woolsey, Partnership Defence.

NORÐUR

♠ G73

♥ DG75

♦ KG87

♣ 95

VESTUR

♠ Á9652

♥ 96

♦ Á1092

♣ 72

AUSTUR

♠ KD

♥ 10842

♦ 643

♣ D863

SUÐUR

♠ 1084

♥ ÁK3

♦ D5

♣ ÁKG104

Norður gefur. Allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	1 G ¹⁾
Pass	2 ♣ ²⁾	Pass	2 ♦ ²⁾
Pass	2 G	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

(1) 15-17 HP.

(2) Stayman og neitar hálit.

FRUMLEGT HLIÐARKALL

Vestur kemur út með ♠5, fjórða hæsta.

Til að hnekkja spilinu þarf Austur að taka tvo slagi á spaða í upphafi og skipta svo yfir í tígul upp í ógnandi tígullit blinds.

Hvernig á að finna þá vörn?

Woolsey: Vestur á að fylgja lit í síðari spaðaslaginn með sexunni — millispilinu frá ♠962. Austur veit að makker er að koma út frá fimmlit (suður hefur neitað hálit) og sér að sexan er millispil og þar með KALL Í TÍGLI.

Í rauninni eins konar ÞRIGGJA-LITA-KALL.

Spil 6

Kit Woolsey, Partnership Defence.

NORÐUR

♠ DG4
♥ K965
♦ Á83
♣ ÁK9

VESTUR

♠ Á6
♥ 4
♦ D9652
♣ D8743

AUSTUR

♠ K9852
♥ 832
♦ 1074
♣ G6

SUÐUR

♠ 1073
♥ ÁDG107
♦ KG
♣ 1052

Suður gefur. AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥
Pass	2 G ¹⁾	Pass	4 ♥ ²⁾
Pass	Pass	Pass	

(1) Slemmuáhugi í hjarta.

(2) Lágmark, án einspils.

HLIÐARKALL

Það þarf hnitmiðaða vörn til að hnekkja spilinu af öryggi.

Vestur spilar út ♠Á og Austur kallar (með tvistinum).

Austur fær næsta slag á ♠K og gefur makker stungu, en velur til þess fimmuna — lægsta spilið til að sýna að hann *þoli* lauf, en ekki tígul. Vestur trompar og spilar laufi.

Woolsey: Ef sagnhafi kýs að spila öllum trompunum ætti Austur fyrst að henda ♠9 til að sýna að hann hjálpi til í tígli (tíán þriðja), en ekki í laufi.

GPA: Líklega svínar sagnhafi tígulgosa, nema hann treysti vörninni til að vita nákvæmlega hvað hún er að gera.

Spil 7

Kit Woolsey, Partnership Defence.

NORÐUR

♠ ÁK752

♥ 2

♦ DG42

♣ K73

VESTUR

♠ D10

♥ K10743

♦ 10976

♣ 95

AUSTUR

♠ G943

♥ D865

♦ Á

♣ 10842

SUÐUR

♠ 86

♥ ÁG9

♦ K853

♣ ÁDG6

Suður gefur. Allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 G ¹⁾
Pass	2 ♥ ²⁾	Pass	2 ♠ ²⁾
Pass	3 ♦	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

(1) 15-17 HP.

(2) Yfirfærsla.

AÐ SPILA TIL BAKA

Vestur spilar út fjórða hæsta hjartanu upp á drottningu makkers og ás Suðurs. Sagnhafi verður að fara í tígulinn og þegar Austur kemst inn á tígulás getur vörnin tekið fjóra hjartaslagi.

Er það erfitt?

Woolsey: Ekki svo. Austur spilar ♥5 til baka — þriðja hæsta frá *rikjandi* lengd: ♥865. Vestur tekur níu Suðurs með tíu og spilar kóngnum, en þá verður Austur að afblökkera, setja ♥8.

GPA: Þetta væri meira vandamál ef hjarta Austurs væri ♥D985, en Suður ætti þá ♥ÁG6.

Hvernig á að leysa úr þeim vanda?

Spil 8

Reykjavíkurmót 1999.

NORÐUR

♠ D105

♥ 105

♦ KD94

♣ Á1042

VESTUR

♠ 94

♥ KDG54

♦ G7

♣ 8753

AUSTUR

♠ 8763

♥ 983

♦ Á1062

♣ K9

SUÐUR

♠ ÁKG2

♥ Á72

♦ 853

♣ DG6

Austur gefur. Enginn á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	Pass	1 G ¹⁾
Pass	3 G	Pass	Pass
Pass			

(1) 15-17 HP.

TALNING, HLIÐARKALL, RÖKVÍSI

GPA: Vestur kemur út með ♥K, sem lofar þremur af fjórum efstu og biður um talningu eða afblökkeringu. Austur sýnir þrílit með níunni og Suður dúkkar.

Vestur spilar næst ♥G og Austur lætur þristinn til að vara við spaða, en sagnhafi dúkkar aftur.

Nú þarf Vestur að skipta yfir í *smáan tígul* frá ♦Gx, beinlínis með stöðuna að ofan í huga, að makker sé með ♦Á10x(x) og ♣K. Þetta spil snýst um rökvísi og jákvæða hugsun, ekki síðar en varnarreglur. Makker getur átt 7 HP mest og spurningin er aðeins sú hvaða punktar duga til að hnekkja geiminu.